

12. október 1971.

379

Nr. 203.

REGLUR

um umferð og athafnir í kirkjugörðum Keflavíkur, lóðum þeirra og löndum.

1. gr.

Kirkjugarðarnir eru friðhelgir. Þar er bönnuð öll óþarfa umferð, leikir og hvers konar hávaði.

2. gr.

Börn mega eigi hafast þar við, nema í fylgd með fullorðnum, sem þá beri ábyrgð á hegðun þeirra.

3. gr.

Öll umferð vélknúinna ökutækja og reiðhjóla er bönnuð þar, nema með sérstöku leyfi hverju sinni. Sömuleiðis er bannað að fara þar um með hesta, hunda og önnur dýr.

4. gr.

Aðstandendur þeirra, sem jarðsettir eru í grafreitum eða duftreitum kirkjugarðanna, svo og allir þeir, sem um lönd kirkjugarðanna fara, verða að hlíta þeim reglum, sem þar gilda hverju sinni.

5. gr.

Enginn má framkvæma vinnu í görðunum, sem kaup eða gjald kemur fyrir, nema með leyfi og undir eftirliti kirkjugarðsstjórnar. Öll helgidagavinna er bönnuð.

6. gr.

Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna: mold, jurtaleifar, eða nokkuð annað, sem óþrýði, óþrifum eða truflun getur valdið. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

7. gr.

Allan mannsafnað, sem að mati kirkjugarðsstjórnar eigi telst viðeigandi, að safnist þar saman, skal banna og varna, að komi þar saman.

8. gr.

Eigi má setja girðingar úr steini, málm, timbri eða neins konar hleðslu um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

9. gr.

Eigi má án leyfis kirkjugarðsstjórnar gróðursetja tré, runna, né neina plöntu viðarkyns.

10. gr.

Greinar trjáa og runna mega eigi ná út fyrir endamörk legstæðisins, séu þær eigi hærra en 2 metra frá jörðu.

11. gr.

Eigi má sá til eða gróðursetja, neins staðar í löndum kirkjugarða Keflavíkur, þær jurtir, sem með sjálfssáningu, rótarskoti eða á annan hátt offjölgar, svo að þau valdi óeðlilega mikilli vinnu við hirðingu.

12. gr.

Sái einhver eða gróðursetji slíkar jurtir, sem um ræðir í 11. gr., ber honum að greiða kostnað, sem leiða kann af útrýmingu þeirra.

13. gr.

Eigi má, án leyfis kirkjugarðsstjórnar, fjarlægja neitt af grafarstæðum, svo sem minnismarki, blóm, trjágróður o. s. frv.

14. gr.

Stjórn kirkjugarða Keflavíkur ber eigi skaðabótaábyrgð á, þótt umbúnaður grafarstæðis, minnismarki, gróður eða annað, sem á grafarstæði kann að vera, verði fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruaflla eða skemmdarvarga.

15. gr.

Minnismarki skulu, að stærð og útliti, vera samkvæmt reglum þeim, sem gilda kunna á því svæði kirkjugarðsins, sem um er að ræða hverju sinni.

16. gr.

Frágangur minnismarkja skal vera svo traustur, að þau hvorki raski, né spyrni til jarðvegi, þótt gröf sé tekin við hlið þeirra.

17. gr.

Þegar minnismarki, umbúnaður grafar og þess háttar, er svo úr sér gengið og/eða komið að falli, svo að af stafar hættu, eða er til óþrýði, skal gera umráðamanni grafarstæðisins aðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, má fjarlægja umgerðina og/eða minnismarkið. Skal það þá gert í samræmi við fyrir-mæli 16. gr. laga nr. 21 23. apríl 1963.

18. gr.

Grafarstæði, sem verið hefur í óhvirðu í 3 ár samfleytt, skal kirkjugarðsstjórnin láta tyrfa, malbera eða gera aðrar ráðstafanir við, sem auðvelda umhvirðu á því.

19. gr.

Eigi skulu skaðabætur koma til réttthafa grafarstæðis, ef beita verður ákvæðum 17. eða 18. greinar.

20. gr.

Þótt grafarfriðun sé útrunnin, skal eigi flytja uppistandandi minnismarki eða raska umbúnaði grafarstæðisins, sé það í góðu ásigkomulagi.

21. gr.

Auk framantalinna sérreglna gildir lögreglusamþykkt Keflavíkur, eftir því sem við á, á öllum athafnasvæðum kirkjugarða Keflavíkur.

22. gr.

Mál, sem kunna að rísa út af reglum þessum, skal fara með samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Brot gegn reglum þessum varða sektum frá krónum 500.00 til króna 5000.00, ef eigi liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

Ef yfirsjón barns yngra en 15 ára, er að kenna skorti foreldra eða forráðamanna á umsjón þess, skulu þeir bæta það tjón, sem af kann að hafa hlotizt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. grein laga nr. 21 23. apríl 1963, um kirkjugarða.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

15. október 1971.

Nr. 204.

A R Ð S K R Á

fyrir vatnasvæði Mýrarkvíslar.

Jarðir	Arðeiningar %
1. Laxamýri I, II	7,35
2. Skörð, Skarðsborg, Einarstaðir	5,00
3. Skógar, I, II, III, Skógahlíð	8,00
4. Þverá, Heiðarbót	12,76
5. Viðiholt	3,53
6. Árbót	4,17
7. Klömbur	3,94
8. Reykjatorfa	6,46
9. Nes, Árnes	3,72
10. Laufahlíð, Bláhvammur	3,32
11. Yzlihvammur, Lækjarhvammur	2,30
12. Klambrasel I, II, Brúnshlíð	7,37
13. Brekka	2,44
14. Langavatn	5,94
15. Prestahvammur	2,78
16. Geitafell	8,50
17. Kasthvammur, Árhvammur	12,42

Samtals 100 %

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. október 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.